

EFTIRLITSSKÝRSLA nr 1

Sérstakt eftirlit sbr. 76. gr. laga nr. 60/2013

Dagsetning eftirlits: 25/6 – 27/6 '19

Nafn fyrirtækis: Landsnet hf.

Framkvæmdasvæði: Kröflulína 3

Tengiliður fyrirtækis: Bjarni Jónsson

UST201910-178/10.05.04

Ábyrgðarmaður eftirlits: Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Staðsetning slóða með það fyrir augum að draga úr umhverfisáhrifum og eftirlit með umgengni og frágangi.

Ábendingar: Skoðuð aðkoma að línumni frá Möðrudalsleið. Þarna ætti að fylgja þeirri leið sem merkt er í gögnum, þ.e. stystu leið að línumni en ekki um gamla þjóðveg sem liggar samsíða Möðruvallaleið.

Þarna er ekið um gróðurlausa mela á óhreyfðu landi og mætti frekar kalla þetta akstursleiðir en eiginlegar slóðir. Við Kröflulínu 3 ætti að keyra á óhreyfðu landi og alls ekki láta jarðýtu marka slóð nema á tveimur stöðu þar sem þveraðir eru vatnsfarvegin og laga þar aðkomu að og frá farvegunum og jafna botn sem er nokkuð grófur og ójafn. Þar sem hnnullungadreifar eru á yfirborði ætti freka að þræða sig í gegnum þessu svæði án þess að grjóthreinsa slóð og aðeins færa staksteina með grófu.

Samkvæmt upplýsingu landeiganda eru fleiri aðkomuleiðir frá Möðrudalsleið að línumni og ætti að heimila verktaka að fara þessar leiðir til að minnka akstur eftir línumni.

Við mastur 170 verður skeringu breytt til að minnka halla og fá aukna hæð undir línumna. Tvö ræsi verða sett í læk milli mastra 169 og 168. Þarna er líttill hóll við slóðina og mætti taka þar skeringu sem nýtast mun í fyllingu í læknum. Ekki er sjáanlega þörf fyrir mikil meira efni á þessum hluta línumnar.


Leyfa ætti verktaka að aka beltatækjum milli mastra 167 og 166 þar sem um gróðurlaus svæði er að ræða og samkvæmt upplýsingum landeiganda munu för eftir tækin hverfa mjög fljótt.

Milli mastra 167 og 176 var slóð færð að mestu leyti annars vegar suður fyrir línumna og hins vegar á milli Kröflulínu 2 og Kröflulínu 3 þar sem eldri slóð þveraði ýmist línumnar eða lá undir Kröflulínu 3.

Frávik: Engin.

Niðurstaða eftirlits: Upphaf verks á gróðurlausu svæði þar sem ummerki ættu að verða mjög lítil.

18. október 2019, Björn Stefánsson


f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við krófur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.